


## Stórverkefni í höndum lækna

# Tóbaksvarnir

**LÆKNAR OG TÓBAK** ER HEITI NÝRRAR SKÝRSLU SEM gefin hefur verið út á vegum rannsóknarstofnunar í tóbaksvörnum (Tobacco Control Reseach Centre, TCRC) sem hefur bækistöðvar í húsi breska læknafélagsins. Stofnunin starfar á vegum samtaka evrópskra læknafélaga (EFMA) og í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina.

Skýrslunni hefur verið dreift til heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana um allt land, en auk þess er texti hennar í heild tiltækur á netinu, hjá [www.tobacco-control.org](http://www.tobacco-control.org)

Í tilefni af reyklusum degi 31. maí síðastliðinn var auk þess vakin athygli á skýrslunni með bréfi til allra lækna og voru það samtökin **Læknar gegn tóbaki** sem stóðu fyrir því. Ritið er mjög vandað að allri gerð og er án efa fróðleiksbrunnur fyrir alla þá sem vilja efla þátt lækna í tóbaksvörnum. Greint er frá reynslu einstakra þjóða Evrópu af tóbaksvarnamálum og meðal annars er sagt frá viðvörunarmiðum á íslenskum tóbaksumbúðum.



*Forsíða skýrslunnar.*